

## Vínarborgarritgerðir um tungumálastefnu – 11+1 kröfur um að efla félagslega þátttöku

Vínarborgarritgerðirnar um málustefnu tungumálakennslu voru skrifaðar í aðdraganda XVII. Alþjóðlegrar ráðstefnu þýskukennara í Vínarborg (IDT 2022) af alþjóðlegum hópi sérfræðinga. Þær voru kynntar á IDT 2022 og samþykktar á lokaviðburðinum 20. ágúst 2022.

Ritgerðirnar eru ætlaðar stjórnámamönnum jafnt sem sérfræðingum. Þeir fylgja kjörorðum ráðstefnunnar \*mit.sprache.teil.haben \*Taka þátt með tungumáli.

Meginmarkmið tungumálanáms og tungumálakennslu, líka í tækninámi (verknámi) er þróun orðræðufærni sem gerir og stuðlar að ábyrgri þátttöku í ákvarðanatöku og jafnri þátttöku í samfélaginu.

1. Þýskunámið fer fram í fjöltýngdu samfélagi. Nemendur sjálfir koma með mismunandi tungumál og fjölmennarlega reynslu og færni inn í skólastofuna sem þarf að taka tillit til. Það þarf að styðja málstefnu sem tekur mið af samfélagslegum og einstaklingsbundnum auðlindum sem og hnattrænum og svæðisbundnum sjónarmiðum og aðstæðum. Mál- og menningarlegur mismunur samfélagsins þarf að endurspeglast í hönnun kennslugagna og námstækifæra, í námskrám, í vali kennsluefnis, í menntun, þjálfun og framhaldsmenntun sem og í rannsóknum.
2. Alþjóðlegt samstarf þarf að styðja fjárhagslega og skipulagslega. Það er sérstaklega farsælt þegar allir aðilar hafa jafnan rétt og samstarfið byggir á opnum og gagnsæjum skiptum sem tryggja þarf viðhlítandi rammaskilyrði fyrir. Fagfélög um þýskukennslu sem erlend og/eða annað tungumál krefjast sérstaks stuðnings og viðurkenningar svo þau geti sinnt tengslamyndun og yfirfærslu sérfræðiþekkingar með sterkri stöðu.
3. Leiðarljósið við að læra og kenna þýsku verður að vera hugmyndin um valdeflingu, þ.e. þróun tungumálakunnáttu sem byggir á sjálfstýrðu frekara námi og þátttöku í samfélaginu og á vinnustaðnum frá upphafi. Mæta þarf ólíkum áhuga og þörfum nemenda með þarfamiðum og fjölbreyttum tilboðum. Þeir eru ekki „mannauður“ heldur ber að líta á og vernda sem viðfangsefni með mannlegra reisn. Þetta á við um starfstengda þýskukennslu og fullorðinsfræðslu sem og tungumálakennslu og -nám almennt.
4. Málfræðileg efnisskrá getur gert kleift að taka þátt í félagslegum þáttum. Tungumálþjálfun í tengslum við búferlaflutninga verður því að byggja á raunveruleika innflytjenda og þörfum þeirra vinnu og daglegu lífi. Tungumálakunnátta verður að vera aðskilin frá búseturéttarmálum og má ekki krefjast þess sem aðalkröfu fyrir vinnumarkaðinn eða til að fá félagslegar bætur. Tungumál má ekki misnota sem tæki til mismununar.
5. Skólatímar í þýsku um allan heim verða að vera þannig úr garði gerðir að öll málefnaskrá nemenda sé notuð sem auðlind og að tungumálið sé samofið námsefnistengdu námi og kennslu þverfaglegrar færni. Móta þarf námskrár og námsmarkmið í samræmi við það og tungumálastuðningur og

tungumálakennsla þarf að geta átt sér stað samfellt frá leikskólanámi fram yfir skólalok.

6. Í háskóla þarf að auka námsstyrki og rannsóknarfjármögnun með ríkisstuðningi til að auka hreyfanleika og samstarfsmöguleika nemenda, kennara og vísindamanna, sem leggja verulega af mörkum til farsæls tungumálanáms. Óháð félags- og efnahagslegum bakgrunni þeirra verða þeir að hafa aðgang að tilætluðum náms- og rannsóknartækifærum, sérstaklega fyrir dvöl í þýskumælandi löndum.
7. Rannsóknir mega ekki einskorðast eða takmarkast af (fræðslu)pólítík. Tryggja verður frelsi og fjölbreytileika í viðfangsefninu DaF/DaZ. Niðurstöður DaF/DaZ rannsókna verða að vera viðurkenndar af (fræðslu) stjórnámálönnum og útfærðar með viðeigandi ráðstöfunum. Efla þarf þverfaglegt og alþjóðlegt samstarf í rannsóknum jafnt og að opna vísindamiðlun fyrir alþjóðlegu sérfræðisamfélagi og almenningi.
8. Kennarar um allan heim verða að hafa aðgang að vönduðum endurmenntunarmöguleikum sem standast háar gæðakröfur og taka mið af nýlegri þróun í faginu sem og svæðis- og stofnanabundnum mun í viðkomandi kennslu- og námsmenningu. Mismunandi fjárhagslegar kröfur mega ekki vera hindrun. Hvetja þarf til þátttöku í endurmenntun með öllum mögulegum ráðum og viðurkenna og meta í faglegu samhengi.
9. Bæta þarf starfsaðstæður kennara í skóla- og utanskóla. Mikilvægt er að tryggja viðeigandi launakjör, jafnvægi á milli kennslutíma og tíma til undirbúnings og eftirfylgni, svo og ráðningarsambönd með langtímahorfu og frekari endurmenntunarmöguleika í huga.
10. Stafrænar breytingar hafa opnað marga nýja möguleika til að læra og kenna tungumál, t.d. augliti til auglitis, fyrir sjálfsnám og í sýndarkennslustofum. Stafræn væðing auðveldar einnig alþjóðlegt samstarf á sviði rannsókna og málstefnu. Hins vegar geta stafræn samskipti ekki komið í stað fyrir raunfundi og þau mega ekki leiða til þess að starfsfólk verði skorið niður á staðnum. Til að tryggja að stafræn væðing auki ekki það misræmi sem fyrir er þarf að tryggja öllum aðgang að stafræna heiminum, t.d. í formi viðeigandi tæknibúnaðar og þjálfunarmöguleika.
11. Að læra þýsku er skilgreint sem tungumálakennsla, sem felur einnig í sér fagurfræðilegt og menningarlegt nám og opnar umræðu um sjálfbæran lífsstíl, mannréttindi og jafnrétti kynjanna. Tungumálanám ætti að efla menningu friðar og ofbeldisleysis sem og mat á menningarlegum fjölbreytileika með því að þróa hæfni til að taka þátt í umræðu. Tungumálanám stuðlar þannig að sjálfbærri þróun og styrkir heimsborgaraleg viðhorf. Efla þarf málstefnu sem sjálfstætt málefnasvið sem jafnast á við önnur slík og er ekki bara litið á sem þverlægt mál eins og verið hefur hingað til. Stofnun og mótun málstefnu sem sjálfstæðs málefnasviðs er einnig verkefni einstakra ríkja sem og yfirþjóðlegra og frjálsra stofnana og tengslaneta og er ávallt skilið út frá félagslegu og einstaklingsbundnu fjöiltyngi og markmiði þátttöku.

Staða: 20. ágúst 2022 tilvitnun: Vinnuhópur um málstefnuritgerðir (2022):  
Vínarborgarritgerðir um málstefnu. Samþykkt sem hluti af IDT 2022 - XVII.  
Alþjóðleg ráðstefna þýskukennara. Á netinu: <https://www.idt-2022.at/site/dieidt/sprachenpolitikthesen> Fulltrúar vinnuhópsins (í stafrófsröð):  
Rudolf de Cillia, Anna-Katharina Draxl, Renate Faistauer, Thomas Fritz,  
Matthias von Gehlen, Monika Janicka, Matthias Jung, Puneet Kaur, Liana  
Konstantinidou, Inger Petersen, Sandra Reitbrecht, Julia Ruck, Hannes  
Schweiger, Brigitte Sorger, Thomas Studer

Übersetzt von Veska A. Jónsdóttir